

Mál nr. 200/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Skráningarnúmer ökutækis (B)

Gildissvið laga um ökutækjatrýggingar. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 6. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 17. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að setja son sinn í barntjónsuppgjörsmiðstöðlstól í ökutæki B á stæði við Hagkaup í Skeifunni. Ökutæki A hafi ætlað að leggja í stæði við hliðina en ekið á opna aftur hurð B og M hafi slasast.

V hafnaði bótaskyldu M með vísan til þess að um árekstur hafi verið að ræða og vísaði til 5. gr. laga nr. 30/2019, um ökutækjatrýggingu. M telur að slysið sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A og telur að að 5. gr. laganna eigi ekki við þar sem tjónið varð ekki vegna áreksturs tveggja ökutækja en B hafi verið kyrrstæð þegar A ók á hurð B. M telur að 4. gr. laganna gildi um ágreining málsins sem kveður á um hlutlæga ábyrgð ökutækis og ekki hafi verið um stórkostlegt gáleysi að ræða af hennar hálfu.

Í bréfi V kemur fram að málið hafi verið lagt fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem hafi talið að öll sök hafi réttilega verið lögð á M. V telur að sakarskiptingaákvæði ökutækjatrýggingalaganna beri ávallt að beita þegar snerting verður milli ökutækja og gildi það einnig þótt annað ökutækið sé kyrrstætt. V bendir á dóm Hæstaréttar nr. 136/1988 þar sem sök var skipt á grundvelli sakarskiptingarreglu þegar farþegi opnaði hurð bifreiðar án þess að huga að umferð með þeim afleiðingum að bifreið sem var ekið í stöðureit við hliðina á ók á hurðina. Einnig bendir V á úrskurði nefndarinnar sem hafi í fjölda mála skipt sök í svokölluðum hurðamálum þegar árekstur verður milli bifreiðar sem ekið er fram hjá annarri bifreið með opna hurð og snerting verður. Enn fremur kemur fram í bréfi V að ökumaður A hafi frá upphafi haldið því fram að hurðin hafi verið hálfopin er hann ók inn í stöðureitinn en hún hafi skyndilega verið galopnum í veg fyrir hann. Þessu neiti M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort beita eigi 4. eða 5. gr. laga nr. 30/2019, um ökutækjatrýggingu, vegna þess atviks þegar ökutækið A ók á hurð ökutækis B. Með vísan til dómafordæma Hæstaréttar og fyrri úrskurða nefndarinnar í svokölluðum hurðamálum verður 5. gr. laganna beitt í þessu máli þar sem lítið er svo á að um árekstur tveggja ökutækja sé að ræða þegar ökutæki er ekið á annað ökutæki sem er kyrrstætt með opna hurð. M ber ábyrgð á því að hafa verið með opna hurð og skiptir í því sambandi ekki máli hvort hurðin hafi verið hálfopin eða galopin. Ekki er ágreiningur um sakarskiptingu. Með vísan til framangreinds er bótaskyldu V hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutæki A hjá V.

Reykjavík, 19. september 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir